

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 12. febrúar

Mættir voru:

Erla Rán, Áshildur, Sólveig, Vaka, Auður og Fanney.

Fjármál

Áshildur fór yfir stöðu fjármála í foreldrafélaginu. Lang flestir foreldrar eru búnir að greiða félagsgjaldið.

Skólabúðir að Reykjum og Kiðagili

Ágúst skólastjóri boðaði foreldra barna í 7. bekk á fund í janúar og kynnti fyrir foreldrum fyrirkomulag á Reykjaferð. Áætlað er að 7. bekkur fari síðustu vikuna fyrir páska að Reykjum. Skólinn tekur að sér að aðstoða við að fjármagna hluta ferðarinnar með böllum en foreldrar eru beðnir um að sjá um að aðstoða í gæslu.

Vaka tók saman upplýsingar um Kiðagilsferðir síðustu ára og sendi á fulltrúa foreldra í 4.bekk.

Foreldrafélaginu er ekki kunnugt um hvenær farið verður á Kiðagil.

Foreldrafélagið styrkir nemendur í báðar ferðirnar.

SAMTAKA

Áshildur kynnti fyrir okkur drög að samræmdum reglum fyrir gæslu á skólaböllum í öllum grunnskólum Akureyar. Reglurnar eru góðar en þarfnast betri yfirlstrar.